

## Reksturinn traustur og á áætlun, hagræðingaraðgerðir innleiddar og ný sóknarverkefni framundan

Nova Klúbburinn skilaði traustri afkomu á fyrsta ársfjórðungi 2026 í samræmi við áætlanir félagsins. Heildartekjur námu 3.231 m.kr. og jukust um 2,5% milli ára þegar leiðrétt er fyrir tekjum af Sendafélaginu á fyrra ári. Þjónustutekjur námu 2.735 m.kr. og hækkuðu um 3,2%. EBITDA fjórðungsins var 649 m.kr. og EBITDA hlutfallið var 20,1%. Hagnaður eftir skatta nam 107 m.kr. og handbært fé frá rekstri var 230 m.kr. Á fjórðungnum réðst félagið í hagræðingaraðgerðir með einfaldara skipuriti og sameiningu sviða, en áhrif þeirra koma fram síðar á árinu. Þá undirbýr Nova Klúbburinn stofnun nýs lággjaldafélags á fjarskiptamarkaði sem byggt er á gervigreind frá fyrsta degi, skref sem markar þáttaskil á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Í kjölfar sölu 4G/5G dreifikerfis Nova hf. til Sendafélagsins ehf. um áramótin hefur umfang og rekstrarfyrirkomulag samstæðunnar breyst. Af þeim sökum eru rekstartölur ársins ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við tölur fyrra árs. Rekstur félagsins er á áætlun, í samræmi við breytt rekstrarfyrirkomulag, og niðurstöður fyrsta ársfjórðungs styðja við útgefið spábil um EBITDA niðurstöður ársins.

### Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.231 m.kr. og aukast um 2,5% á milli ára, leiðrétt fyrir tekjum af Sendafélagi á fyrra ári
- Þjónustutekjur námu samtals 2.735 m.kr. og jukust um 3,2% á milli ára.
- EBITDA nam 649 m.kr. og EBITDA hlutfallið var 20,1% á fjórðungnum
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum námu 203 m.kr.
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 107 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 230 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall var 41,1% í lok tímabilsins og eigið fé nam samtals 9.628 m.kr.

**Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri Nova Klúbbsins, segir árið fara vel af stað og rekstur á áætlun. Auknum kostnaðarþrýstingi hefur verið mælt með hagræðingaraðgerðum sem þegar hefur verið ráðist í, en áhrif þeirra munu koma fram síðar á árinu.**

„Niðurstaða fyrsta ársfjórðungs 2026 er í samræmi við áætlanir og reksturinn heldur áfram að vera traustur. Í heildina eru tekjumar að aukast um 2,5% ef leiðrétt er fyrir tekjum Nova frá Sendafélaginu á fyrra ári. Tekjur af FlakkNetinu standa nokkurn veginn í stað þar sem tekjur af farsímabjónustu voru að aukast en erlendar reikitekjur drógust saman á móti. Tekjur af FastNetinu eru í góðum vexti sem skýrist af bæði fjölgun viðskiptavina með heimilistengingar og sterkum tekjuvexti af Sérlausnum. Tekjur af Vörusölu dragast saman milli ára sem skýrist helst af minni sölu á handtækjum, en innkaupaverð dregst saman á móti og áhrif á rekstrarniðurstöðu eru því óveruleg. Við finnum fyrir almennum kostnaðarþrýstingi sem kemur fram í hækkun kostnaðar milli ára. Til að mæta því höfum við farið í hagræðingaraðgerðir og á fjórðungnum innleiddum við einfaldara skipurit, fækkuðum framkvæmdastjórum og sameinuðum svið. Áhrif þeirra breytinga á reksturinn munu koma betur fram þegar líður á árið og jafngilda þær 5,4% lækkun á ársgrunni.

Undirliggjandi rekstur er sterkur, sjóðstreymi er traust og grunnurinn til að sækja fram er öflugur. Við höldum áfram að einbeita okkur að öguðum rekstri, skynsamlegum fjárfestingum og arðsemi sem skapar virði fyrir hluthafa til lengri tíma.

Á næstu dögum stígum við svo enn eitt djarft skref til sóknar með stofnun nýs lággjaldafélags á fjarskiptamarkaði þar sem sótt er fram út frá möguleikum gervigreindar í allri uppbyggingu félagsins frá fyrsta degi. Stofnun félagsins mun marka þáttaskil á íslenskum fjarskiptamarkaði og án efa verða fyrirmynd annarra fyrirtækja varðandi uppbyggingu. Að baki félaginu stendur fámennur og öflugur hópur sem sýnir svart á hvítu hvernig gervigreind getur umbylt rekstrarlíkaninu í fjarskiptum. Þetta eru skýr skilaboð til markaðarins um að Nova ætli að leiða þróunina á markaði hér eftir sem hingað til. Félagið byggir á nýrri heildsöluvöru sem Nova hefur þróað. Sú lausn er opin fyrirtækjum á Íslandi sem vilja bjóða fjarskiptabjónustu undir eigin vörumerki. Þetta skapar Nova Klúbbum nýja tekjustoð sem nýtir 5G-innviði okkar enn betur.

Með þessu er Nova Klúbburinn að endurskilgreina íslenskan fjarskiptamarkað og hafa mótandi áhrif á þróun hans til framtíðar. Við trúum því einfaldlega að besta leiðin til að verja sterka stöðu sé að vera fyrst til að endurskilgreina hana. Nova Klúbburinn er á skýrri þroska- og vaxtarvegferð. Við sjáum tækifæri í samspili fjarskipta, tækni og innviða í heimi sem hreyfist hratt, væntingar viðskiptavina eru miklar og breytingar örvar. Nýlega tilkynntum við um kaup á Ofar, sem eru nú til


umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Nái kaupin fram að ganga styrkja þau verulega stöðu klúbbsins á sviði tæknibúnaðar og þjónustu við fyrirtæki, með Ofar sem þjónustar í dag um 10.000 fyrirtæki. Nýja hátæknifélagið okkar og Rafal, sem sérhæfir sig í IoT-lausnum, opna nýjar dyr til stórnotenda, gagnavera og inn á opinbera markaðinn þar sem við sjáum sérstaklega spennandi tækifæri. Spennandi verkefni til að tryggja hagkvæmni á borð við öryggisvaktanir, vaktanir á byggingum, götuljósastýringar og heilsutækni verða meðal viðfangsefna félagsins.

Við höfum leitt umræðu um geðrækt og ábyrga símanotkun á Íslandi árum saman, með herferðum eins og Símmen, Loggát, Allir úr og nú síðast bananaherferðinni. Það kann að hljóma undarlegt að símafyrirtæki hvetji fólk til að vera minna í símanum, en fyrir Nova er það einfaldlega kjarni okkar menningar. Við viljum að fólk noti tæknina til að lifa litríkara lífi og nýti tæknina til að tengjast fólki í stað þess að einangrast. Þessi afstaða, ásamt sterkum kúltúr og besta liðinu, er það sem heldur okkur í forystu ár eftir ár og er undirstaða þess vaxtar sem við sjáum til framtíðar.

Horfur fyrir árið 2026 eru góðar. Nova Klúbburinn stendur á traustum grunni, er með skýra stefnu og öflugt teymi. Við hlökkum til að skila áframhaldandi virði til hluthafa og viðskiptavina á árinu sem er framundan.“

## Lykiltölur á fjórðungnum:

### Tekjustofnar



Heildartekjur á milli ára lækka um 2,4% og námu samtals 3.231 m.kr. Sú lækkun skýrist helst vegna lækkunar á Öðrum tekjum sem lækka um 59,2%. Á fyrsta ársfjórðungi á samanburðarári tekjufærði félagið 172 m.kr. fyrir leigu af eignum í gegnum samrekstur í Sendafélaginu sem færðust undir Aðrar tekjur. Leiðrétt fyrir þeim tekjum á samanburðarári eru heildartekjur að hækka um 2,5% og Aðrar tekjur að hækka um 18,2%.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 2.735 m.kr. og vaxa um samtals 80 m.kr., sem er 3,2% vöxtur á milli ára. Tekjur af Flakkneti standa nokkurn veginn í stað milli ára þar sem tekjur af farsímabjónustu eru að aukast en erlendar reikitekjur að dragast saman á móti. Tekjur af FastNetinu eru í góðum vexti sem skýrist af bæði góðri fjölgun viðskiptavina með heimilistengingar sem og sterkum tekjuvexti af Sérlausnum. Tekjur af Vörusölu dragast saman milli ára sem skýrist helst af minni sölu á handtækjum en innkaupaverð dregst saman á móti og áhrif á rekstrarniðurstöðu því ekki veruleg.

Vörusölutekjur námu samtals 390 m.kr. og lækka um 20 m.kr. sem er 4,9% lækkun á milli ára. Skýrist sú lækkun einna helst af minni sölu símtækja. Aðrar tekjur nema samtals 107 m.kr. og aukast um 16 m.kr., eða um 18,2% miðað við leiðréttar samanburðartölur, sem skýrist helst af auknum tekjum af endursölu.

## Rekstrarreikningur

	1F26	1F25	Breyt.	Br. %
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>3.231</b>	<b>3.324</b>	<b>-93</b>	<b>-2,8%</b>
Kostnaðarverð seldra vara	1.667	1.485	182	12,2%
Laun og launatengd gjöld	591	549	41	7,5%
Annar rekstarkostnaður	325	301	24	8,0%
<b>Heildarrekstrargjöld</b>	<b>2.582</b>	<b>2.335</b>	<b>247</b>	<b>10,6%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>649</b>	<b>989</b>	<b>-340</b>	<b>-34,4%</b>
EBITDA%	20%	30%	-10%	-32,5%
Afskriftir	-365	-583	218	-37,4%
<b>Rekstrarhagnaður EBIT</b>	<b>284</b>	<b>407</b>	<b>-122</b>	<b>-30,1%</b>
Hrein fjármagnsgjöld	-203	-200	-3	1,3%
Áhrif hlutdeildafélaga	47	0	47	100,0%
Tekjuskattur	-19	-39	20	-51,4%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>109</b>	<b>167</b>	<b>-58</b>	<b>-34,7%</b>
Hagnaður á hlut	0,032	0,047	-0,015	-31,9%

\*Tölur í m.kr.

Annar rekstarkostnaður nemur samtals 325 m.kr. og hækkar um 24 m.kr. sem nemur 8,0% hækkun á milli ára. Á tímabilinu gjaldfærði félagið ráðgjafakostnað upp á 22 m.kr. vegna kaupanna á Ofar, á samanburðarári gjaldfærði félagið ráðgjafakostnað upp á 12 m.kr. vegna kaupanna á Dineout. Leiðrétt fyrir þessum einskiptisliðum á báðum árum þá hækkar annar kostnaður um 4,8% sem skýrist helst af almennum verðlagshækkunum þjónustuaðila.

EBITDA nemur samtals 649 m.kr. og EBITDA hlutfall ársins er 20,1%. Lækkun EBITDA milli ára skýrist fyrst og fremst af breyttu rekstrarfyrirkomulagi vegna sölu á eignum og rekstri 4G/5G dreifikerfis til Sendafélagsins þar sem kostnaður sem áður féll undir fjárfestingar og afskriftir kemur nú allur fram í kostnaðarverði seldra vara.

Afskriftir nema samtals 365 m.kr. og lækka um 218 m.kr. sem nemur 37,4% lækkun. Sú lækkun skýrist af afskriftum af rekstrarfjármunum á fyrra ári sem seldir voru til Sendafélagsins um áramót.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 203 m.kr. og hækka um 1,3% á milli ára. Sú hækkun skýrist af hækkun verðbóta annarra skulda vegna hækkunar á vísitölu á tímabilinu. Vaxtagjöld leiguskuldbindinga og langfímalána lækka á móti vegna lægri stöðu.

Hagnaður tímabilsins var 109 m.kr. og lækkar um 58 m.kr. frá fyrra ári. Hagnaður á hlut er 0,032 kr. og lækkar um 31,9% frá fyrra ári.

Heildar rekstrargjöld ársins nema samtals 2.582 m.kr. og hækka um 10,6% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 1.667 m.kr. og hækkar um 182 m.kr. á milli ára eða um 12,2%. Sú hækkun skýrist helst af breyttu rekstrarfyrirkomulagi vegna sölu á eignum og rekstri 4G/5G dreifikerfis til Sendafélagsins um áramót. Leiðrétt mat á samanburðartölum gefur hækkun um 5,5% á milli ára sem skýrist helst af hækkun þjónustukostnaðar vegna fjölgunar viðskiptavina á FastNeti.

Laun og launatengd gjöld nema samtals 591 m.kr. og hækka um 41 m.kr. á milli ára sem nemur 7,5% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum en einnig fjölgaði stöðugildum lífillega milli ára. Á fyrsta ársfjórðungi breytti félagið skipuriti sínu, lagði niður eitt svið og fækkaði stöðugildum. Gert er ráð fyrir að áhrif þeirra breytinga komi fram á 2. ársfjórðungi og nema þau um 5,4% á ársgrunni.

## Efnahagur


	31.12 2025	31.12 2025	Breyt.	Br. %		31.12 2025	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Viðskiptavild	10.136	10.136	0	0%	<b>Eigið fé</b>	<b>9.628</b>	<b>9.595</b>	<b>33</b>	<b>0%</b>
Óefnislegar eignir	1.331	1.330	1	0%	Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.759	1.785	-26	-1%
Rekstrarfjármunir	1.400	1.276	124	10%	Leiguskuldbindingar	6.294	6.289	5	0%
Leigugeignir	4.262	4.268	-7	0%	Aðrar skuldir	3.131	3.122	9	0%
Eignahlutir í hlutdeildarfélagum	1.160	1.113	47	4%	<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.183</b>	<b>11.196</b>	<b>-13</b>	<b>0%</b>
Lán til tengdra aðila	152	1.801	-1.649	-92%	Næsta árs afb. langtímaskulda	105	105	0	0%
Tekjuskattsinnæign	714	704	10	1%	Skammtímaskuldir við tengd aðila	167	146	21	14%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.155</b>	<b>20.628</b>	<b>-1.473</b>	<b>-7%</b>	Viðskiptaskuldir	688	892	-204	-23%
Birgðir	412	329	83	25%	Reiknaðir skattar til greiðslu	29	410	-381	-93%
Skammtímakröfur á tengda aðila	54	140	-85	-61%	Næsta árs afb. leigusk. og annarra skulda	359	353	6	2%
Viðskiptakröfur	1.181	1.206	-25	-2%	Aðrar skammtímaskuldir	1.275	848	427	50%
Aðrar skammtímakröfur	463	351	112	32%	<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.623</b>	<b>2.754</b>	<b>-131</b>	<b>-5%</b>
Handbært fé	2.169	890	1.279	144%	<b>Skuldir samtals</b>	<b>13.806</b>	<b>13.950</b>	<b>-143</b>	<b>-1%</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>4.280</b>	<b>2.916</b>	<b>1.363</b>	<b>47%</b>	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>23.435</b>	<b>23.545</b>	<b>-110</b>	<b>0%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>23.435</b>	<b>23.545</b>	<b>-110</b>	<b>0%</b>					

\*Tölur í m.kr.

Fastafjármunir félagsins námu 19.155 m.kr. í lok ársins en voru 20.628 m.kr. í ársbyrjun. Rekstrarfjármunir hækka með fjárfestingum m.a. í stofnneti, á móti lækkar Lán til tengdra aðila verulega þar sem Sendafélagið nýtti sér heimild til endurgreiðslu í janúar og greiddi um það bil 1,6 ma.kr. af láni vegna sölu eigna til Sendafélagsins, sem þá færðist undir handbært fé. Veltufjármunir félagsins námu samtals 4.280 m.kr. í lok ársins en voru 2.916 m.kr. árið á undan. Sú hækkun skýrist fyrst og fremst af ofangreindri hækkun á handbæru fé vegna endurgreiðslu hluthafaláns til Sendafélagsins.

Eigið fé félagsins nam 9.628 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.595 m.kr. um áramót. Eiginfjárlutfall félagsins var 41,1% í lok tímabilsins samanborið við 40,8% árið um áramót.


Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.183 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.196 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir standa nokkurn veginn í stað. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.623 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.754 um áramót, sú lækkun skýrist helst af lækkun viðskiptaskulda og reiknaðra skatta en á móti hækka Aðra skammtímaskuldir



<sup>1</sup> Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir

<sup>2</sup> Netfó vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir / 12M EBITDA

## Sjóðstreymi



Handbært fé frá rekstri er 230 m.kr. og lækkar um 549 m.kr. frá fyrra ári. Það skýrist annars vegar vegna lægra veltufjár frá rekstri sem tengist áðurnefndum breytingum á rekstrarfyrirkomulagi Sendafélagsins og hins vegar eru breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum neikvæðar um tæplega 197 m.kr. samanborið við jákvæða hreyfingu um 27 m.kr. á fyrra ári, sú breyting milli ára skýrist helst af uppgjöri við birgja sem færðust yfir til Sendafélagsins.

Greidd vaxtagjöld lækka milli ára með lægri stöðu vaxtaberandi skulda en greiddir skattar standa nokkurn veginn í stað milli ára.

Fjárfestingahreyfingar eru jákvæðar um samtals 1.234 m.kr. samanborið við neikvæðar 449 m.kr. á fyrra ári. Sú breyting skýrist af áðurnefndri endurgreiðslu hluthafaláns frá Sendafélaginu upp á 1,6 ma.kr., leiðrétt fyrir þeirri greiðslu eru fjárfestingar samtals 415 m.kr. og lækka um 34 m.kr. Sú lækkunin skýrist helst af lækkun í fjárfestingum rekstrarfjármuna sem tengjast áðurnefndum breytingum af framsali eigna til Sendafélagsins. Fjárfestingar tímabilsins í rekstrarfjármunum samanstanda af fjárfestingum í áframhaldandi uppbyggingu á kjarna og stofnneti félagsins. Fjárfestingar í óefnislegum eignum hækka milli ára sem skýrist helst af þróun nýrra lausna og uppbyggingu á appi og þjónustuvef.

Fjárfestingar tímabilsins eru í línu við áætlun félagsins sem gerir ráð fyrir að heildar fjárfestingar ársins í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum verði í kringum 1.100 m.kr. og lækki um 600 m.kr. frá fyrra ári. Fjármögnunarhreyfingar eru 188 m.kr. á tímabilinu samanborið við 248 m.kr. á fyrra ári og lækka um 60 m.kr. Lækkunin skýrist af minni endurkaupum eigin bréfa milli ára.

## Horfur fyrir árið 2026

Horfur eru óbreyttar fyrir árið og gerir félagið ráð fyrir að heildartekjur ársins verði á bilinu 13.600 m.kr. til 14.000 m.kr. og að EBITDA verði á bilinu 3.200 m.kr. til 3.400 m.kr. Heildarfjárfestingar eru áætlaðar um 1.100 m.kr.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um bisnessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

## Fjárhagsdagatal 2026

Uppgjör 2F 2026	13. ágúst 2026
Uppgjör 3F 2026	22. október 2026
Ársuppgjör 2026	25. febrúar 2027
Aðalfundur 2027	25. mars 2027

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Samstæðan á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 165 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri, [sylvia@nova.is](mailto:sylvia@nova.is), s. 855 1155  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090

## Tekjuflokkar

### FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samfengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

### FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósléiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

### Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

### Aðrar tekjur

Tekjur af annari fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrarlekna.